

Rekstrarstöðvunartrygging

Skilmáli E-4

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf. Þessi skilmáli er viðbót við lausafjártryggingu félagsins nr. E-3.

1. gr. Hver er hinn vátryggði ?

Hinn vátryggði er eigandi þess rekstrar sem tiltekin er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Vátryggingin tekur til:

- 2.1 Tjóns er vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu af völdum atburðar er bruna-, vatnstjóns- eða innbrotsþjófnaðartrygging vátryggingataka nær til. Hafi vátryggingartaki einungis brunatryggingu í gildi nær rekstrarstöðvunartryggingin aðeins til rekstrarstöðvunar vegna bruna.
- 2.2 Greiðsluskylda félagsins takmarkast þó við rekstrartjón sem verður með þessum hætti á því tímabili sem getið er í vátryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittun.
- 2.3 Auk þessa tekur vátryggingin til tjóns sem vátryggingartaki verður fyrir á sama tímabili af völdum nauðsynlegs aukakostnaðar er beinlínis verður rakinn til þess að atvinnuhúsnæði hans verður ekki notað sökum tjóns á vátryggðu lausafé eða húsi sem lausafé er geymt í. Slíkur aukakostnaður er háður samþykki félagsins hverju sinni, bæði að því er varðar fjárhæð og eðli útgjalda.

3. gr. Vátryggingin tekur ekki til:

Aukins rekstrartjóns vegna verkfalls, verkbanns, vélarbilunar eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.

4. gr. Bótaákvörðun

Félagið bætir þann mismun sem verður á bótaátímanum á eftirfarandi:

- 4.1 Áætlaðri veltu að frádreginni áætlaðri notkun a) aðkeyþra verslunarvara til endursölu og b) hráefna og hálfunninna vara.
- 4.2 Raunverulegri veltu að frádreginni raunverulegri notkun vara. Með veltu er átt við sölu samkvæmt reikningum að frádregnum virðisaukaskatt, en afsláttur eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum kemur ekki til frádráttar.
- 4.3 Frá bótafjárhæð sem fundin er skv. 4.1 og 4.2, dregst frá sá kostnaður sem vátryggður getur sparað sér, þ.á.m. laun er hann kemst hjá því að greiða með því að segja upp starfsmönnum á lögmætan hátt.
- 4.4 Hámarksbótaskylda félagsins takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er fyrir rekstrartjón í vátryggingaskírteininu. Vátryggingartaki á aldrei rétt á bótum á hærri bótum eða fyrir lengri tíma en með þarf til þess að bæta tjón það, sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin nær til.
- 4.5 Sé vátryggt undir verði (undirtryggt), lækka bætur fyrir rekstrarstöðvun í sama hlutfalli.
- 4.6 Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstrartap eða draga úr því.

5. gr. Varanleg rekstrarstöðvun

- 5.1 Hefjist atvinnurekstur vátryggingartaka ekki aftur eftir vátryggingaratburð, miðast bótafjárhæð við þann tíma, sem eðlilegt má telja að liði hefði þar til reksturinn gæti hafist aftur, en þó aldrei lengri tíma en tilgreindur er á vátryggingarskírteini.
- 5.2 Af þeirri fjárhæð sem þannig er fundin, greiðist einungis sá hluti er teljast má til óhjákvæmilegs kostnaðar, sem vátryggingartaki getur sannað að hann hafi lagt í.
- 5.3 Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem vátryggingartaki ræður ekki við, greiðast bætur án tillits til 4.2

6. gr. Tilvísun til annarra skilmála og laga

Að öðru leyti gildir skilmáli félagsins um brunatryggingu lausafjár nr. E-3 og ef við á einnig skilmálar félagsins um vatnstjón nr. E-12 og innbrotatryggingu nr. E-11. Einnig gilda um vátryggingarsamning þennan lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006